

| | |
|--------------|------------|
| SKJALVER | HÖFDATORGI |
| 22. MAI 2020 | |
| Maðsnr. | 2020050400 |
| Bleðalykill | 23.0 |

Heilbrigðisefstítirlit Reykjavíkur
Svava S. Steinarsdóttir
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. maí 2020

Tilvísun: 202003015/5.1

Efni: Dýpkun Sundahafnar utan Sundabakka og efnisolusun- Beiðni um umsögn

Verkis, f.h. Faxafloahafna, hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskarð eftir að Heilbrigðisefstítirlit Reykjavíkur gefi umsögn um hvort og á hvada forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum öögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Heilbrigðisefstítirlit Reykjavíkur telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, motvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfsvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 4. júní 2020 og eimig á tölvupóstfang:


Jakob Gunnarsson

DÝPKUN SUNDAHAFNAR

MINNISBLÁÐ

| VERKNÚMER: | 06154-007 | DAGS: | 2020-05-13 |
|------------|--------------------------|-------|------------|
| VERKLUTI: | 04 | NR.: | 158141 |
| HÖFUNDUR: | Pórhildur Guðmundsdóttir | | |
| RÝNT AF: | HuG | | |
| DREIFING: | Skipulagsstofnun | | |

Losunarsvæði við Engey og fyrirhugaðs efnistökusvæðis Björgunar


Fyrispurn um matsskyldu dýpkunar Faxafloðahafna utan Sundabakka í Sundahöfn¹ var send til meðferðar Skipulagsstofnunar þann 8. maí 2020. Fyrirhugað er að losa dýpkunarefni úr framkvæmdinni á efnisolusunarsvæði suðaustan Engeyjar, sem er aflosgð efnisnáma, þann 12. maí/bárust upplýsingar frá Skipulagsstofnun um að einnig væri til meðferðar hjá stofnuninni framkvæmd með aukinni efnistöku Björgunar ehf. úr námu við Engey og var spurt um möguleg áhrif efnisolunar á fyrirhugaða efnistöku.


Mannvit, sem er ráðgjafi Björgunar, hefur sett inn afmörkun efnisolunarsvæðis Faxafloðahafna inn á mynd með fyrirhuguðum breyttum námsvæðum, sjá mynd 1. Á myndinni má sjá að bessi svæði skarast ekki og ekki er gert ráð fyrir að efnisolusun suðaustan við Engey muni hafa áhrif á fyrirhugaða efnistöku. Mannvit hefur staðfest sömu ályktun fyrir hönd Björgunar, í tölvupósti til Skipulagsstofnunar dags. 13.5.2020.

¹ Verkís 2020 Dýpkun Sundahafnar – utan Sundabakka. Fyrispurn um matsskyldu. Mat á umhverfisáhrifum Faxafloðahafnar, maí 2020.

þreytingar á námu svæði Björgunar.

Mynd 1 Afstöðumynd sem sýnir náverandi ennislosunarsvæði Faxafloahafna við Engey með staekkun til norðurs og fyrirhugaðar







Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports



DÝPKUN SUNDAHAFNAR - UTAN SUNDABAKKA

Fyrirspurn um matsskyldu
Mat á umhverfisáhrifum

Maí 2020



| | | |
|--------------------------------|-------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Verknúmer: 06154-007 | SKÝRSLA NR.: 136999 | DREIFING: <input type="checkbox"/> OPIN <input type="checkbox"/> LOKUÐ TIL <input type="checkbox"/> HÁÐ LEYFI VERKKAUPA |
| | ÚTGÁFU NR.: | |
| | DAGS.: 2020-05-07 | |
| | BLAÐSÍÐUR: 16 | |

HEITI SKÝRSLU:

Dýpkun Sundahafnar – utan Sundabakka. Fyrirspurn um matsskyldu. Mat á umhverfisáhrifum.

| | |
|-----------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------|
| HÖFUNDAR: Þórhildur Guðmundsdóttir, Sigmar A. Steingrímsson | VERKEFNISSTJÓRI: Þórhildur Guðmundsdóttir |
|-----------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------|

| | |
|--------------------------------------------------------------------------------|------------------|
| UNNIÐ FYRIR: Faxaflóahafnir UMSJÓN: Inga Rut Hjaltadóttir | SAMSTARFSAÐILAR: |
|--------------------------------------------------------------------------------|------------------|

| |
|---------------------------------------------------------------------|
| GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG: Fyrirspurn um matsskyldu – til útgáfu |
|---------------------------------------------------------------------|

ÚTDRÁTTUR:

Árið 2000 var fjallað um áætlun um dýpkun í Sundahöfn í mati á umhverfisáhrifum sem talið var að yrði í framkvæmd á næstu 10-15 árum. Fallist var á framkvæmdirnar í úrskurði Skipulagsstofnunar. Enn stendur eftir að ná því dýpi sem stefnt var að í síðasta áfanga dýpkunarframkvæmdanna, í innsigli og utan land- og hafnargerðar utan við Klepp sem tengist lengingu á Kleppsbakka og nýjum Sundabakka.

Framkvæmdirnar fela í sér dýpkun í 10,7 m dýpi á afmörkuðu svæði. Innsiglingarlína Sundahafnar hefur færst utar í Viðeyjarsundið, stærstu skip sem leggjast að bakka eru orðin lengri og meiri kröfur eru gerðar um stærð snúningssvæða m.t.t. öryggis sem þýðir að dýpkun þarf að ná lengra út í Sundið á þessu svæði en áður var fyrirhugað. Dýpkunarefninu verður komið fyrir í aflögðum efnisnánum á hafslotni, suðaustan við Engey.

Fyrirhuguðum framkvæmdasvæði hefur þegar verið raskað og er við höfn sem er í fullum rekstri. Mengunar-ástand dýpkunarefnisins hefur verið rannsakað og niðurstöður gáfu til kynna að efninu mætti almennt séð varpa í hafið. Sé neðansjávarsprengingum haldið utan göngutíma seiða og fullvaxinna fiska er ekki talið líklegt að fiskar verði fyrir áhrifum og botndýralíf er nú þegar frekar fábreytt á svæðinu. Hvorki er talið líklegt að framkvæmdirnar valdi miklum áhrifum á strauma eða öldufar miðað við fyrri umfjöllun eða að næstu íbúar verði fyrir trulun. Ekki er talið líklegt að umtalsverð umhverfisáhrif verði vegna breytinga á framkvæmdum við dýpkun Sundahafnar í Reykjavík, sem tekur til dýpkunar á Viðeyjarsundi utan við Vatnagarða og nýjan Sundabakka og losunar efnis í aflagða efnisnámu.

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| LYKILORD ÍSLENSK: Mat á umhverfisáhrifum, fyrirspurn um matsskyldu, tilkynning, dýpkun, Sundahöfn, Viðeyjarsund. | LYKILORD ENSK: Environmental Impact Assessment, assessment inquiry, screening document, dredging. |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------|

| | |
|--------------------------------------|--------------------------|
| UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA: | YFIRFARIÐ AF: HuG |
|--------------------------------------|--------------------------|

© Geta skal heimilda sé efni skýrlunnar afritað eða birt með einhverjum hætti.



Efnisyfirlit

| | |
|----------------------------------------------------------------------|------------|
| Efnisyfirlit..... | ii |
| Myndaskrá | ii |
| Töfluskrá | iii |
| 1 Inngangur..... | 1 |
| 1.1 Markmið og forsendur..... | 2 |
| 1.2 Matsskylda og leyfi | 2 |
| 1.3 Fyrri matsvinna vegna Sundahafnar og næsta nágrennis..... | 3 |
| 1.4 Samráð | 4 |
| 2 Staðhættir og umhverfi | 4 |
| 3 Framkvæmdalýsing | 5 |
| 4 Skipulag og vernd | 6 |
| 5 Helstu umhverfisáhrif..... | 8 |
| 5.1 Jarðmyndanir | 8 |
| 5.2 Öldur og straumar | 11 |
| 5.3 Botndýralíf..... | 11 |
| 5.4 Laxfiskar | 12 |
| 5.5 Íbúar í nágrenninu og samfélag..... | 12 |
| 6 Niðurstaða..... | 13 |
| 7 Heimildir..... | 14 |
| Viðaukar..... | 16 |

Myndaskrá

Forsíðumynd: Pétur Kristjánsson, 2020.

| | |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---|
| Mynd 1.1 Hafnarsvæðin í Reykjavík, fyrirhugað dýpkunarsvæði í Sundahöfn og losunarsvæði við Engey..... | 1 |
| Mynd 1.2 Skilgreining framkvæmda við dýpkun í Sundahöfn sem lýst var í mati á umhverfisáhrifum árið 2000..... | 2 |
| Mynd 2.1 Vatnagarðar í Sundahöfn fyrir miðri mynd. Horft er til norðurs með nýjan Sundabakka ofarlega á mynd hægra megin og suðurhluta Viðeyjar efst vinstra megin. Ljósmynd Emil Þór, 2019..... | 4 |
| Mynd 3.1 Afmörkun dýpkunarsvæðis (bleikt) utan við utanverðan Kleppsbakka og nýjan Sundabakka, sem miðast við 10,7 m dýpi og 300.000 m ³ . Dekkri litur gefur til kynna mörk klappar, undir núverandi botni. Sjá má teikninguna á stærra formi í viðauka..... | 5 |
| Mynd 3.2 Áætlun um efnislosun á hafobotni við Engey þar sem ekki er lengur unnið efni úr efnisnámu. Litir gefa til kynna þykkt efnis sem koma má fyrir. Sjá má teikninguna á stærra formi í viðauka..... | 6 |
| Mynd 4.1 Hluti af þéttbýlisupprætti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Afmörkun hafnarsvæðisins í Sundahöfn sýnd með bláum lit. Afritað af skipulagssjá Reykjavíkur í feb. 2020. Kortagrunnur Samsýn..... | 7 |
| Mynd 5.1 Sýnatökustaðir í Sundahöfn frá 2016, 19 af alls 28 borholum. Bláir punktar eru sýnatökustaðir innan og við fyrirhugað dýpkunarsvæði sem sýnt er með gulum lit. Loftmynd frá Loftmyndum ehf..... | 9 |



Töfluskrá

| | | |
|-----------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Tafla 5.1 | Flokkun dýpkunarefnis eftir styrk mengandi efna..... | 9 |
| Tafla 5.2 | Niðurstöður efnagreininga innan og við fyrirhugað dýpkunarsvæði. Þyngd efnis er alls staðar gefin upp sem hlutfall af þurrefni. Litir gefa til kynna flokkun efnis, samanber töflu 5.1..... | 10 |

1 Inngangur

Unnið var að mati á umhverfisáhrifum dýpkunar Sundahafnar á árunum 1999 til 2000 á vegum Reykjavíkurhafnar, sem nú er hluti af Faxaflóahöfnum.¹ Skipulagsstofnun kvað upp úrskurð þann 19. apríl 2000 þar sem fallist var á framkvæmdina sem lýst var í frummatsskýrslu og viðbótargögnum framkvæmdaraðila. Samkvæmt frummatsskýrslunni var áætlað að framkvæmdir myndu standa yfir í 10-15 ár og fram kemur í samantekt skýrslunnar að „*Einstakir áfangar þessara framkvæmda hafa ekki verið fullhannaðir og útlínur dýpkunarsvæða og dýpi gæti því hafa breyst lítillega þegar að framkvæmdum kemur.*“ Síðasti áfangi þeirra framkvæmda sem fjallað var um í matinu var í gögnum skilgreindur sem 300.000 m³ utan Klepps, í tengslum við hafnagerð á því svæði. Nýr Sundabakki við landgerð utan Klepps var tekinn í notkun á árinu 2019. Fjallað var um bakkagerðina ásamt dýpkun í viðlegu bakkans í fyrirspurn um matsskyldu² og ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 8.8.2013, um að framkvæmdin skyldi ekki háð mati. Ekki var búið að ná því dýpi sem lýst var í matinu frá árinu 2000 á svæðinu utan hins nýja Sundabakka og nú liggar á að ná frekari dýpkun á þessu svæði til að öryggi sé tryggt í siglingum að bakka og til að hægt sé að snúa skipum sem eru að fara að leggjast að bakkanum. Þar hefur áhrif að Eimskip á von á nýjum skipum og þar af einu síðar á þessu ári með meiri ristu en eldri skip. Frekari áform eru um dýpkun á Sundahafnarsvæðinu sem gert er ráð fyrir að fjallað verði um í mati á umhverfisáhrifum auk hafnagerðar á svæðinu en þessi hluti dýpkunar er tekinn sérstaklega fyrir vegna þess að hann er hluti af þeim framkvæmdum sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum árið 2000 og einnig vegna þess skamma tíma sem til stefnu er áður en ný skip eru væntanleg.



Mynd 1.1 Hafnarsvæðin í Reykjavík, fyrirhugað dýpkunarsvæði í Sundahöfn og losunarsvæði við Engey.

¹ Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. 2000. Dýpkun Sundahafnar. Frummat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Reykjavíkurhöfn. Febrúar 2000.


² Verkís 2013. Hafnagerð í Sundahöfn í Reykjavík. Hafnagerð utan við Klepp. Fyrirspurn um matsskyldu. Unnið fyrir Faxaflóahafnir sf., júlí 2013.

1.1 Markmið og forsendur

Markmið framkvæmdanna er að tryggja nægilegt dýpi utan við nýjan Sundabakka og ytri hluta Kleppsbakka til að hægt sé að sigla að og snúa stórum flutningaskipum sem munu nýta þessar viðlegur, með lágmarkstöfum vegna erfiðra veðuraðstæðna og lágrar sjávarstöðu og þannig að fyllsta öryggis sé gætt. Öryggi hvað þetta varðar er ábótavant við núverandi aðstæður og með tilkomu nýrra skipa á vegum Eimskipa á þessu og næsta ári sem rista meira en eldri skip félagsins verður verkefnið enn meira aðkallandi.

1.2 Matsskylda og leyfi

Framkvæmdir við dýpkun á þessu svæði felast í 4. og síðasta áfanga dýpkunaráætlunar sem lögð var fram í mati á umhverfisáhrifum árið 2000, sem var áætlaður 300.000 m^3 . Dýpi sem skilgreint var á svæðinu í því mati hefur ekki verið náð. Meginskilgreining dýpkunar í matinu byggðist á dýpi á ákveðnum svæðum en ekki magntolum þó heildarmagnið hafi verið áætlað. Afmörkun dýpkunarsvæða hefur lítillega breyst vegna stærri skipa en spáð var á sínum tíma og einnig verður ekki mögulegt að koma dýpkunarefninu fyrir inni í landfyllingu á svæðinu eins og fjallað var um í matinu frá 2000. Framkvæmdin fellur í flokk B samkvæmt tölulið 13.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, sem fjallar um breytingar eða viðbætur við framkvæmdir samkvæmt flokki A sem fara sjálfar ekki yfir þau viðmið sem sett eru fyrir flokk A. Töluliður 2.01 fjallar um *efnistöku og/eða haugsetningu á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 50.000 m^2 svæði eða stærra eða efnismagn er 150.000 m^3 eða meira*, er í flokki A.



Mynd 1.2 Skilgreining framkvæmda við dýpkun í Sundahöfn sem lýst var í mati á umhverfisáhrifum árið 2000.³

³ Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. 2000. Dýpkun Sundahafnar. Frummat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Reykjavíkurborg. Febrúar 2000.



Samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimilt en Umhverfisstofnun getur veitt leyfi fyrir varpi t.d. dýpkunarefna í hafið að fenginni umsögn frá Hafrannsóknarstofnun.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins er óheimilt að taka eða nýta efni af hafsbotti eða úr honum utan netlaga⁴ nema að fengnu skriflegu leyfi Orkustofnunar.

Í 4. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 kemur fram að framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum séu ávallt háðar framkvæmdaleyfi. Sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda, s.s. allrar efnistöku úr hafsbotti innan netlaga.

1.3 Fyrri matsvinna vegna Sundahafnar og næsta nágrennis

Framkvæmdir á vegum Faxaflóahafna

Árið 2000 var gefin út ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum dýpkunar í Sundahöfn, sem þá voru fyrirhugaðar áfangaskiptar framkvæmdir til lengri tíma.⁵

Fjallað var um mat á umhverfisáhrifum byggingar hafnargarðs og hafnarbakka yst í Sundahöfn, Skarfagarðs og Skarfabakka, árið 2002.⁵ Árið 2011 var fjallað um lengingu Skarfabakka til suðausturs í fyrirspurn um matsskyldu⁶ og var framkvæmdin ekki háð mati samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Fjallað var um hafnargerð utan við Klepp árið 2013 með gerð hafnarbakka utan við landgerð og dýpkun í viðlegu.⁷ Skipulagsstofnun tók ákvörðun um að framkvæmdin væri ekki háð mati.

Í ársþyrjun 2019 birti Skipulagsstofnun ákvörðun um að viðhalds- og rekstrardýpkanir Faxaflóahafna 2019-2023 skyldu ekki háðar mati en þar var fjallað um 140.000 m³ dýpkun á svæðum í Gömlu höfninni og Sundahöfn í Reykjavík.⁸

Aðrar framkvæmdir

Vegagerðin og Reykjavíkurborg létu árið 2004 meta áhrif lagningar 1. áfanga Sundabrautar frá Sæbraut yfir Kleppsvík að Hallsvegi og Strandvegi á umhverfið með samanburði á þremur framkvæmdakostum.⁹

Árið 2004 lét Reykjavíkurborg meta áhrif tveggja landfyllinga við Gufunes þar sem nota átti dýpkunarefni að hluta.¹⁰

Árið 2008 kom út matsskýrsla Björgunar¹¹ um efnistöku af hafsbotti í Kollafirði í Faxaflóá þar sem meðal annars var fjallað um efnisnám suðaustur af Engey. Í lok árs 2019 var fjallað um áframhaldandi efnistöku Björgunar í Engeyjarnámu í fyrirspurn um matsskyldu. Framkvæmdin var ekki matsskyld samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar.¹²

Reykjavíkurborg mat áhrif á umhverfið vegna landgerðar í Elliðaárvogi með dýpkunarefni og Skipulagsstofnun gaf út álit árið 2017.¹³

⁴ Samkvæmt 1. gr. laga nr. 73/1990 merkir hugtakið netlög í þessum lögum sjávarbotn 115 m út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

⁵ Verkfraðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. 2002. Skarfagarður og Skarfabakki í Sundahöfn. Mat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Reykjavíkurhöfn, ágúst 2002.

⁶ Verkís 2011. Hafnargerð í Sundahöfn í Reykjavík. Skarfabakki 2. áfangi. Fyrirspurn um matsskyldu. Unnið fyrir Faxaflóahafnir, maí 2011.

⁷ Verkís 2013. Hafnargerð í Sundahöfn í Reykjavík. Hafnargerð utan við Klepp. Fyrirspurn um matsskyldu. Unnið fyrir Faxaflóahafnir sf., júlí 2013.

⁸ Mannvit 2018. Viðhalds- og rekstrardýpkanir Faxaflóahafna árin 2019-2023. Mat á umhverfisáhrifum – Fyrirspurn um matsskyldu framkvæmda. Unnið fyrir Faxaflóahafnir, júní 2018.

⁹ Línuhönnun 2004. Sundabraut 1. áfangi. Mat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Reykjavíkurborg og Vegagerðina.

¹⁰ Hönnun 2004. Landfyllingar við Gufunes í Reykjavík. Mat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Reykjavíkurborg, umhverfis- og tæknisvið.

¹¹ Mannvit og Jarðfræðistofa Kjartans Thors ehf. 2008.: Efnistaka af hafsbotti í Kollafirði, Faxaflóá. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla Björgun. Október 2008.

¹² Skipulagsstofnun 2019. Áframhaldandi efnistaka í Engeyjarnámu, Kollafirði. Ákvörðun um matsskyldu. Dags. 22. nóvember 2019.

¹³ Mannvit 2016. Landfylling í Elliðaárvogi, Reykjavík. Mat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið.

1.4 Samráð

Samráð hefur verið haft við Skipulagsstofnun varðandi matsskyldu fyrirhugaðra framkvæmda en óskað var staðfestingar á því að matið frá 2000 hafi tekið til fyrirliggjandi áformu um dýpkun. Skipulagsstofnun gaf út í bréfi dags. 14. janúar 2020 að byggt á því að 4. áfangi dýpkunar úr matsskýrslu frá árinu 2000 hafi ekki enn komið til framkvæmda þá feli áformin í sér breytingar varðandi meðferð dýpkunarefnis og afmörkun dýpkunarsvæða sem beri að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Árið 2016 var samráð haft við Umhverfisstofnun varðandi dýpkunaráform í Sundahöfn og nauðsynlegar rannsóknir sem fram þyrftu að fara ef til stæði að varpa efni í hafið. Sýni voru tekin úr botnefni til greiningar á innihaldi mengunarefna samkvæmt áætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti. Niðurstöður rannsókna voru kynntar fyrir stofnuninni með flokkun efnisins með tilliti til mengunarástands í samræmi við leiðbeinandi reglur.

Samráð hefur verið haft við Eimskip til að finna út hvar sé brýnasta þörfin á dýpkun, varðandi dýpi og útmörk svæða til að stuðla að öryggi í siglingum. Einig hefur verið haft samráð við Samskip en dýpkun í innsiglingunni utan við nýjan Sundabakka hefur áhrif á siglingar á vegum félagsins inn í Kleppsvík að Vogabakka. Samskip hefur óskað eftir að dýpi verði aukið í innsiglingunni.

2 Staðhættir og umhverfi

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á hafnarsvæði á Viðeyjarsundi, utan Vatnagarða og nýs Sundabakka sem er utan lands utan Klepps. Áður hefur verið dýpkað á stærstum hluta þessa svæðis og náttúrulegum botni verið raskað. Strandlínan landmegin á þessu svæði tilheyrir Sundahafnarsvæðinu og er öll manngerð með landfyllingum og stálþili yst.

Engar þekktrar náttúru- eða menningarminjar er að finna á þessu svæði.




Mynd 2.1 Vatnagarðar í Sundhöfn fyrir miðri mynd. Horft er til norðurs með nýjan Sundabakka ofarlega á mynd hægra megin og suðurhluta Viðeyjar efst vinstra megin. Ljósmynd Emil Þór, 2019.

3 Framkvæmdalýsing


Framkvæmdasvæðið er afmarkað á mynd 3.1. Fara á yfir svæðið og tryggja 10,7 m dípi á snúningssvæði og innsiglingu að ytri hluta Kleppsbakka, nýjum Sundabakka og inn í Kleppsvíkina. Þetta felur í sér lítilsháttar hreinsun á svæði utan lengds Kleppsbakka og út í innsiglinguna framan við Vatnagarða en meginhluti verksins á við ytri hluta innsiglingar utan Vatnagarða og svo utan við viðlegu við nýjan Sundabakka. Alls á dýpkunin að taka til um 300.000 m^3 sem svarar til magns 4. áfanga í skilgreiningu á áföngum í dýpkunaráætlun, sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum árið 2000. Áfanginn var þar kenndur við svæði utan Klepps í tengslum við hafnargerð á sama svæði.

Framkvæmdin felst í dýpkun í lausu efni að langmestu leyti en búast má við klöpp á afmörkuðu svæði suðvestur til vestur af Þórsnesi á Viðey í jaðri dýpkunarsvæðisins, undir núverandi botni. Að öllum líkindum verður notuð grafa á pramma til dýpkunar en þó gæti verið um dæluskip að ræða sem losar efni í einum klumpi eins og um pramma væri að ræða, en það veldur minni gruggmyndun heldur en þegar efni er dælt úr skipi. Þetta er háð því hvaða tæki eru í boði og hvaða aðilar bjóða í verkið. Klöppin verður fleyguð eða sprengd.



Mynd 3.1 Afmörkun dýpkunarsvæðis (bleikt) utan við utanverðan Kleppsbakka og nýjan Sundabakka, sem miðast við 10,7 m dípi og 300.000 m^3 . Dekkri litur gefur til kynna mörk klappar, undir núverandi botni. Sjá má teikninguna á stærra formi í viðauka.

Dýpkunarefnið verður losað í aflagða efnisnámu á hafsbotni suðaustur af Engey en þar hefur verið losað efni síðan árið 2005 þegar möguleikar til losunar á dýpkunarefni inn í landfyllingu voru ekki lengur fyrir hendi. Alls hafa þegar verið losaðir rúmlega ein milljón rúmmetra (m^3) af dýpkunarefni í þessa námu sem hætt var að nýta til efnistöku fyrir meira en 20 árum og metið hefur verið að þar sé rými fyrir tæplega 170.000 m^3 til viðbótar að óbreyttu. Með stækkun á losunarsvæðinu við námuna til norðurs um 260.000 m^2 yrði hægt að losa þar um 490.000 m^3 til viðbótar, sjá tvískipta afmörkun á mynd 3.2.



Mynd 3.2 Áætlun um efnislosun á hafsbotni við Engey þar sem ekki er lengur unnið efni úr efnisnámu. Litir gefa til kynna þykkt efnis sem koma má fyrir. Sjá má teikninguna á stærra formi í viðauka.

Innan fárra ára stendur til að fylla upp í Vatnagarða, með lokun á Korngarði, eldri Sundabakka og innri hluta Kleppsbakka og lengingu á Skarfabakka út að Kleppsbakka. Þegar þær framkvæmdir hefjast verður hægt að loka af dýpkunarefni inni í landfyllingu, sem ekki er mögulegt núna.

Gert er ráð fyrir að vinna verkið sumarið 2020 svo hægt verði að taka nýtt skip Eimskip sem væntanlegt er til landsins síðar á þessu ári, að nýjum Sundabakka. Framkvæmdir við dýpkun krefjast fárra starfsmanna og valda lítilli truflun í landi.

4 Skipulag og vernd

Á mynd 4.1 má sjá stöðu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 á Sundahfnarsvæðinu og næsta nágrenni. Dýpkunarsvæði eru ekki sýnd á skipulagi en afmörkun þeirra miðast við og fellur að þeim útlínum lands sem koma fram á aðalskipulaginu.



Mynd 4.1 Hluti af þéttbýlisupprætti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Afmörkun hafnarsvæðisins í Sundahöfn sýnd með bláum lit. Afritað af skipulagssjá Reykjavíkur í feb. 2020. Kortagrunnur Samsýn.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, koma fram markmið varðandi hafnarsvæðin innan Reykjavíkur:¹⁴

- *Reykjavíkurhöfn¹⁵ stuðli sem helsta höfn landsins að því að Reykjavík verði alþjóðleg viðskipta- og þjónustumiðstöð í Norður-Atlantshafi.*
- *Reykjavíkurhöfn bjóði upp á góða hafnaraðstöðu með nægu landrými í sátt við umhverfið og verði hvati að öflugu atvinnu- og viðskiptalífi.*
- *Viðskiptavinum verði tryggð örugg, hagkvæm og fjölbreytt þjónusta.*
- *Skilvirkni vöruflutninga aukist. Staðsetning hafnar- og athafnasvæða gagnvart helstu viðskiptasvæðum tryggi skilvirkni og efli vistvænar samgöngur.*

¹⁴ https://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag/ar2010-2030_a-hluti_20140224.pdf, bls. 54-55.

¹⁵ Reykjavíkurhöfn er notað í textanum sem heiti yfir þær Faxaflóahafna sf. sem eru innan Reykjavíkur.



Þar segir einnig í sama kafla um Sundahöfn:

„*Sundahöfn er umfangsmesta hafnarsvæði á Íslandi og afar mikilvæg fyrir efnahags- og atvinnulíf Reykjavíkurborgar, höfuðborgarsvæðisins og landsins alls. Áhersla er lögð á að Sundahöfn þróist á næstu árum og áratugum sem helsta inn- og útflutningshöfn Íslendinga. Framtíðarþróun Sundahafnarsvæðisins er langtíma verkefni og nauðsynlegt að fylgt verði skarpri framtíðarsýn um þróun og starfsemi á svæðinu til að tryggja hagkvæma og farsæla starfsemi til lengri tíma.*“ ...

„*Þróun Sundahafnar undanfarna áratugi hefur tekið mið af breytingum í vörufloftingum og af sérstöðu Íslands. Með auknum gámaflutningum og aukinni stærðarhagkvæmni í sjóflutningum hefur Sundahöfn orðið mikilvægasta miðstöð flutninga til landsins og frá, og til söfnunar og dreifingar um landið. Um 63% þjóðarinnar býr á höfuðborgarsvæðinu og helstu viðskiptasvæði eru innan stundarfjórðungs-aksturs frá Sundahöfn.*“ ... „*Stefnt er að því að Sundahöfn verði fullþróuð á skipulagstímabilinu.*“

Næstu verndarsvæði við Sundahöfn eru samkvæmt aðalskipulaginu hverfisvernduð opin svæði í Laugarnesi (OP9), Viðey (OP21) og á Gufuneshöfða (OP12), sjá mynd 4.1.

5 Helstu umhverfisáhrif

Fjallað hefur verið um áhrif dýpkunar, hafnar- og landgerðar í Sundahöfn á umhverfið vegna fyrri framkvæmda, eins og fram kom í kafla 1.3.

Þættir framkvæmda við fyrirhugaðan dýpkunarárfanga sem helst geta valdið áhrifum á umhverfið eru:

- Gröftur eða dæling sem veldur röskun á yfirborði og jarðlögum botns með mögulegri gruggmyndun.
- Losun á klöpp veldur mögulega titringi eða hávaða.
- Varp dýpkunarefnis í hafið með mögulegri gruggmyndun og þekju á botni sem fyrir er.

Umhverfisþættir sem helst verða fyrir mögulegum áhrifum vegna dýpkunarframkvæmda eru:

- Jarðmyndanir sem verða grafnar upp af dýpkunarsvæði og losaðar á svæði aflagðrar námu, einnig m.t.t. mengunarástands dýpkunarefnis.
- Öldur og straumar.
- Botndýralíf vegna röskunar á botni.
- Laxfiskar sem ganga úr og í Elliðaárnar.
- Samfélag, áhrif á íbúa vegna sprenginga með mögulegum hávaða og titringi.

Engar þekktar fornminjar eru á eða nálægt dýpkunarsvæði sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum árið 2000, sbr. bréf frá Árbæjarsafni sem þar var birt. Gert er ráð fyrir að þetta eigi enn við þar sem breyting á útmörkum svæða er lítil.

5.1 Jarðmyndanir


Botn á fyrirhuguðu dýpkunarsvæði er að mestu leyti myndaður úr setlögum en áætlað er að á um 2% af flatarmáli svæðisins, yst fyrir miðju þess, sé klöpp að finna undir sjávarbotni. Klöppin er hins vegar ofan þess dýpis sem dýpkun á að taka til. Áður hefur verið dýpkað á stærstum hluta svæðisins og hefur botni því verið raskað.

Árið 2016 voru tekin sýni úr botni á svæðinu og styrkur mengunarefna greindur¹⁶ í samræmi við áætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti. Sýnatökustaðir eru sýndir á mynd 5.1 auk afmörkunar fyrirhugaðrar dýpkunar. Teknir voru borkjarnar og efni greint af mismunandi dýpi undir yfirborði botns. Niðurstöður greininga á þungmálmum og PCB-efnum úr efsta hluta botns innan fyrirhugaðs dýpkunarsvæðis koma

¹⁶ Verkís 2017. Dýpkun í Sundahöfn. Rannsóknir á botnseti. Unnið fyrir Faxaflóahafnir, janúar 2017.

fram í töflu 5.2, sjá einnig í skýrslu í viðauka 2. Niðurstöður greininga settu efni á fyrirhuguðu dýpkunarsvæði í flokka I-III, sjá liti flokka í töflu 5.1, sem almennt séð má varpa í hafið¹⁷ samkvæmt leiðbeinandi reglum um dýpkunarefnini sem Umhverfisstofnun¹⁸ hefur gefið út. Reglurnar eru settar með stoð í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og í samræmi við ákvæði OSPAR samningsins um verndun hafrýmis Norðaustur Atlantshafs.

Fyrirhugað er að losa dýpkunarefninið í aflagða námu á hafssbotni suðaustur af Engey, sjá syðri hluta afmarkaðs svæðis á mynd 3.2, en fylling í þessa námu hefur staðið yfir allt frá árinu 2005 þegar möguleikar til að koma efni fyrir inni í landfyllingu þrengdust. Um 20 ár eru síðan efnistöku úr námunni lauk en í heildina hafa verið settir rúmlega ein milljón m³ til fyllingar í hana. Við losun í gamla námu er verið að setja efni yfir jarðlög sem áður voru undir sjávarbotni. Rými á núverandi losunarsvæði í námunni hefur verið metið 170.000 m³ með mælingu frá því snemma árs 2020. Sótt verður um leyfi til að stækka losunarsvæðið við Engey til norðurs, samanber afmörkun á mynd 3.2.



Mynd 5.1 Sýnatökustaðir í Sundahöfn frá 2016, 19 af alls 28 borholum. Bláir punktar eru sýnatökustaðir innan og við fyrirhugað dýpkunarsvæði sem sýnt er með gulum lit. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Tafla 5.1 Flokkun dýpkunarefnis eftir styrk mengandi efna.

| Flokkur nr. | Heiti |
|-------------|------------|
| I | Grunngildi |
| II | Ómengað |
| III | Öryggi |
| IV | Varúð |
| V | Hætta |

¹⁷ Almennt er miðað við að ekki sé heimilt að varpa efni sem fellur í flokk III í hafið á viðkvæmum stöðum í nágrenni við sérstaka staði en ekki er krafist sérækra aðgerða.

¹⁸ Umhverfisstofnun 2000. Leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis. Útgáfa 2.2, uppfært, okt. 2019.

Tafla 5.2 Niðurstöður efnagreininga innan og við fyrirhugað dýpkunarsvæði. Þyngd efnis er alls staðar gefin upp sem hlutfall af þurrefni. Litir gefa til kynna flokkun efnis, samanber töflu 5.1.

| Þáttur | Eining | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 12 | 13 |
|------------------------|-----------|--------|--------|---------|---------|--------|--------|--------|--------|---------|--------|---------|
| Þurrefni (105°C) | % þyngdar | 50,9 | 64,6 | 61,0 | 63,2 | 49,8 | 59,6 | 53,1 | 61,4 | 65,2 | 61,1 | 69,1 |
| TOC | % þyngdar | 1,5 | 0,8 | 1,1 | 0,6 | 1,3 | 0,8 | 0,8 | 0,7 | 0,6 | 1,1 | 1,0 |
| TBT (tributyltin) | mg/kg | < 0,01 | < 0,01 | 0,02 | < 0,01 | < 0,01 | < 0,01 | < 0,01 | < 0,01 | < 0,01 | < 0,01 | < 0,01 |
| B(a)P (benzo(a)pyrene) | mg/kg | < 0,05 | < 0,05 | < 0,05 | < 0,05 | < 0,05 | < 0,05 | < 0,05 | < 0,05 | < 0,05 | < 0,05 | < 0,05 |
| Summa PAH (EPA) | mg/kg | 0,22 | - | - | - | - | - | - | - | - | - | - |
| PCB 28 | µg/kg | 0,296 | 0,0046 | < 0,001 | < 0,001 | 0,0863 | 0,232 | 0,128 | 0,255 | < 0,001 | 0,234 | < 0,001 |
| PCB 52 | µg/kg | 0,7437 | 0,025 | 0,0025 | < 0,001 | 0,184 | 0,262 | 0,22 | 0,873 | < 0,001 | 0,322 | < 0,001 |
| PCB 101 | µg/kg | 2,3 | 0,227 | 0,114 | < 0,001 | 0,939 | 1,62 | 1,12 | 2,65 | 0,0359 | 0,809 | 0,0326 |
| PCB 138 | µg/kg | 2,84 | 0,365 | 0,174 | 0,004 | 1,31 | 2,28 | 1,51 | 2,87 | 0,0448 | 1,13 | 0,0685 |
| PCB 153 | µg/kg | 2,29 | 0,274 | 0,134 | < 0,001 | 1,05 | 1,92 | 1,21 | 2,22 | 0,0376 | 0,922 | 0,052 |
| PCB 180 | µg/kg | 0,886 | 0,125 | 0,0515 | < 0,001 | 0,441 | 0,714 | 0,462 | 0,776 | 0,0098 | 0,483 | 0,0227 |
| Summa 6 PCB | µg/kg | 9.05 | 1.02 | 0,476 | 0,004 | 4,01 | 7,03 | 4,65 | 9,64 | 0,128 | 3,9 | 0,176 |
| PCB 118 | µg/kg | 2,02 | 0,203 | 0,11 | < 0,001 | 0,988 | 1,61 | 1,04 | 2,35 | 0,0266 | 0,672 | 0,0263 |
| Summa 7 PCB | µg/kg | 11,1 | 1,22 | 0,586 | 0,004 | 5,00 | 8,64 | 5,69 | 12,0 | 0,155 | 4,57 | 0,202 |
| As (arsen) | mg/kg | 18 | 16 | 15 | 13 | 18 | 19 | 15 | 26 | 14 | 15 | 19 |
| Pb (blý) | mg/kg | 10 | < 2 | < 2 | < 2 | 7 | 13 | 6 | 11 | < 2 | 4 | < 2 |
| Ca (kadmíum) | mg/kg | 0,3 | < 0,2 | < 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | < 0,2 | < 0,2 | < 0,2 | < 0,2 | < 0,2 |
| Cr (króm, heild) | mg/kg | 46 | 50 | 60 | 40 | 48 | 56 | 52 | 59 | 57 | 61 | 62 |
| Cu (kopar) | mg/kg | 85 | 70 | 60 | 75 | 87 | 82 | 77 | 76 | 62 | 67 | 67 |
| Ni (nikkel) | mg/kg | 83 | 89 | 85 | 81 | 84 | 110 | 78 | 93 | 86 | 79 | 79 |
| Mg (kvíkasilfur) | mg/kg | < 0,07 | < 0,07 | < 0,07 | < 0,07 | < 0,07 | < 0,07 | < 0,07 | < 0,07 | < 0,07 | < 0,07 | < 0,07 |
| Zi (sink) | mg/kg | 130 | 100 | 86 | 120 | 130 | 140 | 110 | 130 | 92 | 100 | 95 |



5.2 Öldur og straumar

Almennt séð eru sjávarfallastraumar ekki miklir á Sundahfnarsvæðinu en áhrif á strauma vegna dýpkunar og þá fyrirhugaðrar landgerðar á svæðinu voru skoðuð með líkanrekningum í tengslum við mat á umhverfisáhrifum dýpkunar Sundahafnar.¹⁹ Áhrifin af breytingunni á strauma voru metin vera lítil.

Setflutningar á Faxaflóasvæðinu eru litlir sökum tiltölulega lítilla strauma og þess að engar jökulár renna þar til sjávar.²⁰

Framkvæmdir hafa verið ölduhæðarútreikningar vegna hafnagerðar á Sundahfnarsvæðinu. Árið 2008 var lenging Skarfagarðs og lenging Skarfabakka að Kleppsbakka skoðuð í reiknilíkani²¹ þar sem niðurstöður fyrir og eftir framkvæmdir voru bornar saman fyrir suðvestan úthafsöldu sem er sú öldustefna sem er algengust og gefur mesta ölduhæð á Viðeyjarsundi. Árið 2013 voru skoðuð mismunandi tilvik vindöldu og lagt mat á áhrif vegna hækkandi sjávarstöðu, endurkasts öldu og öldu vegna skipaumferðar á Viðeyjarsundi.²² Árið 2016 kom út skýrsla um öldufar á Sundunum sem fjallar um öldufarsrannsóknir og viðleguskilyrði í Sundahöfn.²³ Þar var gerður samanburður á reiknuðum ölduhæðum fyrir mismunandi stöðu hafnar aftur í tímann, fyrir nokkur tilvik veðuratburða. Aukið dýpi niður fyrir það dýpi sem aldan ristir, sem er hálf ölduhæðin, hefur ekki áhrif á hana.

Vöktun á áhrifum framkvæmda á ölduhæðir á svæðinu hefur ekki farið fram. Fylling með setefni í aflagða efnisnámu vinnur gegn mögulegum áhrifum efnistökunnar til aukinnar ölduhæðar og rofs.

5.3 Botndýralíf

Fyrir liggja umtalsverðar upplýsingar um lífríki á botni á sundunum við Reykjavík. Þar er víða leðju- eða sandbotn og sjávardýpi 4-15 m. Almennt er botndýralífið á svæðinu fábreytt. Lífríkið einkennist einkum af fjölda tegunda burstaorma þar sem eftirtaldir burstaormar voru almennt í mestum þéttleika: *Chaetozone setosa*, *Cirratulus cirratus*, *Mediomastus fragilis*, *Levinsenia gracilis*, *Scoloplos armiger* og *Sphaerosyllis erinaceus*. Einnig voru þráðormar (Nematoda) algengir og samlokur í umtalsverðum þéttleika, svo sem smyrslingur (*Mya truncata*) og auðnuskel (*Crenella dcussata*). Algeng krabbadýr voru botnkrabbaflær (Harpacticoida) og marflærnar *Corophium bonelli* og *Protomedieia fasciata*. Skrápdýr voru sjaldgæf á svæðinu. Þær tegundir botndýra sem fundust í framangreindum rannsóknum, eiga það sameiginlegt að vera algengar hér við land og niðurstaða rannsóknanna er að verndargildi fánunnar sé lítið.²⁴

Á botni Kollafjarðar utan við Viðey eru neðansjávardalir með hryggjum, sem skilja dalina að. Í dölunum hafa sest til setlög, m.a. malarhjallar þeir, sem hafa verið nýttir til efnistöku. Hjallarnir eru gerðir úr grófu seti og eru á 11-25 m dýpi. Þar sem ætlunin er að losa dýpkunarefni úr Sundahöfn, í svokallaðri Engejarnámu, er 10-23 m dýpi og botninn gerður úr möl með litlu hlutfalli af gráfum sandi.²⁵ Samkvæmt rannsókn á botndýralífi á malarhjöllunum í Kollafirði er fjölbreytni lífríkisins lítil. Fá dýr voru

¹⁹ Verkfræðistofan Vatnaskil 1999. Mat á áhrifum dýpkunar Sundahafnar og breytingu strandar á strauma á svæði Sundahafnar. Bréf til Jóns Þorvaldssonar, forstöðumanns tæknideilda Reykjavíkurhafnar, dags. 22. júlí 1999, og 12 myndir.

²⁰ Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. 2000. Dýpkun Sundahafnar. Frummat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Reykjavíkurhöfn. Febrúar 2000.

²¹ Ingunn Jónsdóttir, Morgane Priet-Maheo og Sigurður Sigurðarson 2008. Sundahöfn. Öldurannsóknir. Unnið fyrir Faxaflóahafnir. Siglingastofnun, drög í maí 2008.

²² Siglingastofnun 2013. Minnisblað – Öldufar á Sundunum og landrof í Viðey. Frá Sigurði Sigurðarsyni og Ingunni Ernu Jónsdóttur. Til Faxaflóahafna, dags. 28. júní 2013.

²³ Vegagerðin 2016. Öldufar á Sundunum. Öldufarsrannsóknir og mat á viðleguskilyrðum í Sundahöfn. Faxaflóahafnir, nóvember 2016.

²⁴ Guðmundur Víðir Helgason, Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Þorleifur Eiríksson. 2019. Botndýr í Þerneyjarsundi. Reykjavík: RORUM og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum, RORUM 2019 01.

Jörundur Svaravsson. 1999. Botndýralíf við mynni Leiruvogs. Reykjavík: Líffræðistofnun Háskólangs, fjölrít nr. 52.

Jörundur Svaravsson. 2004. Lífríki á botni neðansjávar út af Gufunesi. Reykjavík: Líffræðistofnun Háskólangs, fjölrít nr. 70.

Jörundur Svaravsson. 2007. Botndýralíf í innsta hluta Kollafjarðar. Reykjavík: Líffræðistofnun Háskólangs, fjölrít nr. 76.

²⁵ Mannvit og Jarðfræðistofa Kjartans Thors ehf. 2008.: Efnistaka af hafstopni í Kollafirði, Faxaflóa. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla Björgun. Október 2008.



í sýnum, mest var um burstaorma en lítillega bar á skeljum (*Bivalvia*) og skrápdýrum (*Echinoderma*). Tegundirnar sem fundust eru útbreiddar allt í kringum landið og verndargildi þeirra því talið lítið.²⁶

Samandregið er botndýralíf hefðbundið á sundunum við Reykjavík og á malarhjöllum í Kollafirði og verndargildi þess talið vera lítið. Þá voru niðurstöður umhverfismats vegna efnistökum af botni fjarðarins þær að malarhjallarnir séu líklega ekki mikilvægir nytjastofnum sem ætisslóð eða hrygningarástaðir. Ekki heldur sem uppeldisslóð fyrir flatfiska.

Árið 2002 var gerð rannsókn á botndýralífi við Sundahöfn, í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda við Skarfagarð og Skarfabakka. Lífríkið reyndist einsleitt á svæðinu, tegundir fáar og þéttleiki dýranna yfirleitt líttill. Flestar tegundirnar eru algengar við landið og enginn þeirra sjaldgæf.²⁷ Botndýr við Sundahöfn hafa verið undir álagi vegna framkvæmda og umróts á svæðinu á síðustu áratugum. Fábreytt lífríki er á botni hafnarinnar og hefur það lítið verndargildi. Stór hluti fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis hefur þegar verið dýpkað og botndýralífi á svæðinu verið raskað.

Vegna dýpkunar við Sundahöfn stendur til að siltefnið, sem grafið verður upp, verði komið fyrir á hafsbotni í aflagðri efnisnámu suðaustur af Engey, sjá myndir 1.1 og 3.2. Ljóst er að efnið sem losað verður er lítið mengað og ekki þörf á að meðhöndla það sérstaklega áður en því er varpað í hafið, sjá kafla 5.1. Botndýralíf á losunarstað er fábreytt og hefur lítið verndargildi og vísbindingar eru um að malarhjallar í Kollafirði séu ekki mikilvægir viðkomu nytjastofna. Þá liggur fyrir að efnistaka hefur staðið yfir við Engey í áratugi og svæðið því töluvert raskað.

5.4 Laxfiskar

Árin 2001 og 2002 fóru fram rannsóknir á farleiðum og gönguatferli laxfiska á ósasvæði Elliðaánnar²⁸ og 2017 voru farleiðir gönguseiða laxa á ósasvæðinu rannsökuð.²⁹ Rannsóknir hafa sýnt að ósasvæðið er mikilvægt fyrir laxaseiðin. Reynt hefur verið að forðast gruggmyndun, sérstaklega á göngutíma að sumri til og fram á haust við fyrrí framkvæmdir í Sundahöfn.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um viðhalds- og rekstrardýpanir Faxaflóahafna 2019-2023 frá janúar 2019 kom fram að ekki væri hægt að útiloka að dýpkunarframkvæmdir við Vogabakka gætu haft áhrif á göngu laxa í og úr Elliðaám þó líkur á því væru ekki taldar miklar. Þar var einnig lagt til að sett yrðu skilyrði á leyfilegan framkvæmdatíma á dýpkun við Vogabakkann í þessu tilliti, en Vogabakki í Kleppsvík er sá hafnarbakki Faxaflóahafna í Sundahöfn sem er næstur ósasvæði Elliðaánnar. Ekki var lagt til að skilyrði yrðu sett á framkvæmdatíma á öðrum svæðum í Sundahöfn.

Í niðurstöðu Skipulagsstjóra ríkisins um mat á umhverfisáhrifum dýpkunar Sundahafnar frá árinu 2000 var talið mikilvægt að ekki yrðu framkvæmdar sprengingar á sjávarbotni á göngutíma seiða og fullvaxinna fiska frá maí og fram í september.

5.5 Íbúar í nágrenninu og samfélag

Framkvæmdir við dýpkun byggja á notkun öflugra og sérhæfðra tækja en fárra starfsmanna. Tilgangur framkvæmda við dýpkun er að tryggja öryggi í siglingum til og frá höfninni og stuðla að hagkvæmni í flutningum til og frá landinu með því að skapa aðstöðu fyrir stórvænt flutningaskip sem hingað sigla.

Í mati á umhverfisáhrifum dýpkunar Sundahafnar frá árinu 2000³⁰ var áætlað að vegna sprenginga neðansjávar gæti færsla við næstu íbúðarhús vegna titrings farið í 18μ ³¹ en að kvartanir vegna fyrri framkvæmda hefðu borist við færslur niður í 25μ . Því var ályktað að framkvæmdirnar við sprengingar

²⁶ Sólmundur Tr. Einarsson. 2008. Botndýr við námur Björgunar ehf. í Kollafirði og Hvalfirði. Viðauki 2 við matsskýrslu: Efnistaka af hafsbotni í Kollafirði, Faxaflóa. Október 2008.

²⁷ Jörundur Svavarsson og Guðmundur V. Helgason. 2002. Botndýralíf við Sundahöfn. Reykjavík: Líffræðistofnun Háskólangs, fjörlit nr. 66.

²⁸ Sigurður Guðjónsson, Ingi Rúnar Jónsson, Þórólfur Antonsson og Jóhannes Sturlaugsson 2002. Rannsóknir á farleiðum og gönguatferli laxfiska á ósasvæði Elliðaánnar 2001 og 2002. VMST-R/0220. Veiðimálastofnun, desember 2002.

²⁹ Friðþjófur Árnason, Hlynur Bárðarson og Ingi Rúnar Jónsson 2018. Farleiðir gönguseiða laxa á ósasvæði Elliðaáa – áfangaskýrsla 2017. Haf- og vatnarannsóknir. HV 2008-13. ISSN 2298-9137. Mars 2018.

³⁰ Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. 2000. Dýpkun Sundahafnar. Frummat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Reykjavíkurhöfn. Febrúar 2000.

³¹ Míkrón (μ) er prómill (1%) af mm. Færsla myndast vegna bylgjureyfingar í bergi sem berst frá upptökum sprengingar.



neðansjávar ættu ekki að valda óþægindum fyrir næstu íbúa. Lágmarksfjarlægð, frá klöpp sem þarf að sprengja í utanverðri innsiglingu í næstu íbúabyggð í þeim framkvæmdum sem hér um ræðir, er um 1 km í stað 1,2 km í eldra mati. Þetta gæfi um 20% meiri færslu með sömu varfærnu forsendum um bergstuðul og stærð sprengihleðslu, eða um 22 μ .³² Hér er ályktað á sama máta og áður að framkvæmdir við sprengingar neðansjávar eru ekki líklegar til að valda óþægindum fyrir næstu íbúa.

Engar kvartanir hafa borist vegna dýpkunarframkvæmda við Sundahöfn frá því að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna lauk árið 2000. Á þeim tíma hefur losun klappar á botni við dýpkun farið fram með fleygun en eingöngu hefur verið sprengt við gerð efnisskiptaskurða fyrir stálþil í hafnrbakka. Við þær framkvæmdir hafa komið fram tilkynningar um að vart hafi orðið við áhrif en ekki hefur verið um kvartanir að ræða, svo best sé vitað. Þó talið sé líklegra að hér verði notast við fleygun við losun á klöpp er ekki hægt að útloka sprengingar en þær yrðu þá framkvæmdar í samræmi við viðeigandi reglur og leyfi.

6 Niðurstaða

Árið 2000 fíllst Skipulagsstjóri ríkisins á dýpkun í Sundahöfn í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna og metið var að þær myndu ekki hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag.³³ Þar var fjallað um áætlun um dýpkun í Sundahöfn sem talið var að yrði í framkvæmd á næstu 10-15 árum. Enn stendur eftir að ná því dýpi sem stefnt var að með síðasta áfanga dýpkunarframkvæmdanna, í innsiglingu og utan land- og hafnargerðar utan við Klepp sem tengist lengingu á Kleppsbakka og nýjum Sundabakka. Innsiglingarlína Sundahafnar hefur færst eilítið utar í Viðeyjarsundið, stærstu skip sem taka á að bakka eru orðin lengri og meiri kröfur eru gerðar um stærð snúningssvæða m.t.t. öryggis sem þýðir að dýpkun þarf að ná lengra út í Sundið á þessu svæði en áður var fyrirhugað.

Engin landgerð er í gangi á svæðinu sem hægt er að koma dýpkunarefni fyrir í eins og stendur og því þarf að koma efnið fyrir í aflögðum efnisnánum á hafslotni eins og gert hefur verið undanfarin ár, með leyfi Umhverfisstofnunar. Væntanleg eru ný og stærri flutningaskip en áður hafa siglt í Sundahöfn síðar á þessu ári og af þeim sökum liggur enn frekar á að dýpka utan við nýja hafnrbakka til að tryggja öryggi og halda uppi rekstrartíma hafnarinnar. Síðar er gert er ráð fyrir að fjallað verði um frekari áform um hafnargerð með lengingu Skarfabakka að Kleppsbakka og dýpkun á Sundahfnarsvæðinu í mati á umhverfisáhrifum, sem mun fela í sér möguleika á að koma setefni fyrir inni í landfyllingu.

Fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hefur þegar verið raskað og er það við höfn sem er í fullum rekstri. Mengunarástand dýpkunarefnisins hefur verið rannsakað og niðurstöður gáfu til kynna að efnið mætti almennt séð varpa í hafið, þó háð leyfi Umhverfisstofnunar. Sé neðansjávarsprengingum eða -fleygun haldið utan göngutíma seiða og fullvaxinna laxfiska er ekki talið líklegt að fiskar verði fyrir áhrifum og botndýralíf er nú þegar frekar fábreytt á svæðinu. Hvorki er talið líklegt að framkvæmdirnar valdi miklum áhrifum á strauma eða öldufar miðað við fyrri umfjöllun eða að næstu íbúar verði fyrir truflun.

Ekki er talið líklegt að umtalsverð umhverfisáhrif verði vegna breytinga á framkvæmdum við dýpkun Sundahafnar í Reykjavík, sem tekur til dýpkunar á Viðeyjarsundi utan við Vatnagarða og nýjan Sundabakka og losunar efnis í aflagða efnisnámu.

³² $A_{max} = K \cdot Q^{1/2} \cdot s \cdot d^{-1}$, þar sem A_{max} er hámarksfærsla, K er bergstuðull, Q er hleðsla sprengiefna, s er seinkunargildi og d er fjarlægð frá sprengistaði.

³³ Skipulagsstofnun 2000. Mat á umhverfisáhrifum. Niðurstöður frumathugunar og úrskurður Skipulagsstjóra ríkisins um dýpkun Sundahafnar í Reykjavík. Reykjavík, 19. apríl 2000.



7 Heimildir

Friðþjófur Árnason, Hlynur Bárðarson og Ingí Rúnar Jónsson 2018. Farleiðir gönguseiða laxa á ósasvæði Elliðaáá – áfangaskýrsla 2017. Haf- og vatnarannsóknir. HV 2008-13. ISSN 2298-9137, mars 2018.

Guðmundur Víðir Helgason, Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Þorleifur Eiríksson. 2019. Botndýr í Perneyjarsundi. Reykjavík: RORUM og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum, RORUM 2019 01.

Hönnun 2004. Landfyllingar við Gufunes í Reykjavík. Mat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Reykjavíkurborg, umhverfis- og tæknisvið.

Ingunn Jónsdóttir, Morgane Priet-Maheo og Sigurður Sigurðarson 2008. Sundahöfn. Öldurannsóknir. Unnið fyrir Faxaflóahafnir. Siglingastofnun, drög í maí 2008.

Jörundur Svavarsson. 1999. Botndýralíf við mynni Leiruvogs. Reykjavík: Líffræðistofnun Háskólans, fjörlit nr. 52.

Jörundur Svavarsson og Guðmundur V. Helgason 2002. Botndýralíf við Sundahöfn. Fjörlit nr. 66. Líffræðistofnun Háskólans.

Jörundur Svavarsson. 2004. Lífríki á botni neðansjávar út af Gufunesi. Reykjavík: Líffræðistofnun Háskólans, fjörlit nr. 70.

Jörundur Svavarsson. 2007. Botndýralíf í innsta hluta Kollafjarðar. Reykjavík: Líffræðistofnun Háskólans, fjörlit nr. 76.

Línuhönnun 2004. Sundabraut 1. áfangi. Mat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Reykjavíkurborg og Vegagerðina.

Mannvit og Jarðfræðistofa Kjartans Thors ehf. 2008. Matsskýrsla: Efnistaka af hafsbottini í Kollafirði, Faxaflóa. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla Björgun. Október 2008.

Mannvit 2016. Landfylling í Elliðaársvogi, Reykjavík. Mat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið.

Mannvit 2018. Viðhalds- og rekstrardýrkanir Faxaflóahafna árin 2019-2023. Mat á umhverfisáhrifum – Fyrirspurn um matsskyldu framkvæmda. Unnið fyrir Faxaflóahafnir, júní 2018.

Siglingastofnun 2013. Minnisblað – Öldufar á Sundunum og landrof í Viðey. Frá Sigurði Sigurðarsyni og Ingunni Ernu Jónsdóttur. Til Faxaflóahafna, dags. 28. júní 2013.

Sigurður Guðjónsson, Ingí Rúnar Jónsson, Þórólfur Antonsson og Jóhannes Sturlaugsson 2002. Rannsóknir á farleiðum og gönguatferli laxafiska á ósasvæði Elliðaánna 2001 og 2002. VMST-R/0220. Veiðimálastofnun, desember 2002.

Skipulagsstofnun 2000. Mat á umhverfisáhrifum. Niðurstöður frumathugunar og úrskurður Skipulagsstjóra ríkisins um dýpkun Sundahafnar í Reykjavík. Reykjavík, 19. apríl 2000.

